

Sp. 280. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]
um embættaveitingar.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson,
Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að undirbúa heildarlöggjöf um embættaveitingar og starfsmannaráðningar ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stefnt sé að því að tryggja sem óháðast og ópólitískast veitingavald og starfsmannaval. Nefndin skal kynna sér löggjöf og reglur um embættaveitingar í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hefur fengizt í þessum efnum. Þá skal nefndin einnig afla sér álits félaga embættismanna og annarra opinberra starfsmanna um það, hvernig þau telji þessum málum verða best skipað, þannig að framangreindur tilgangur náist.

Nefndin kys sér sjálf formann.

Greinargerð.

Veitingavaldið er að langmestu leyti í höndum pólitískra ráðherra, og hefur svo verið síðan stjórnin fluttist inn í landið. Embættaveitingar hafa því oft viljað verða pólitískar, þótt aldrei hafi það verið augljósara en hin síðari ár. Sú hefð er óðum að skapast, að ekki komi aðrir menn til greina við veitingu meiri háttar embætta en þeir, sem hafa skilríki fyrir því, að þeir fylgi ríkisstjórninni eða flokkum hennar að málum. Hér er ekki aðeins um fullkornustu rangsleitni að ræða, heldur hlýzt af þessu, að hið opinbera verður oft og tíðum að notast við lakari starfskrafta en ella.

Af framangreindum ástæðum er það bæði réttlætismál og hagsmunamál fyrir þjóðfélagið, að veitingavaldið verði fært sem mest úr höndum pólitískra ráðherra og lagt í hendur sem óháðastra aðila eða bundið ákveðnum reglum, sem miði að því að útiloka pólitíska eða persónulega hlutdrægni. Ýmis mismunandi form geta komið þar til greina, og þarf að athuga vandlega, hvað hentar best islenskum aðstæðum og reynist kostnaðarminnst í framkvæmd. Því er lagt til, að sérstakri nefnd verði falið að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni, þar sem jöfnum höndum verði stuðzt við erlenda reynslu og álit þeirra, sem mest hljóta að hugsa um skipan þessara mála hérlendis.

Nánara verður um þetta rætt í framsögu.